

TRÉ ÁRSINS

BRYNJÓLFUR JÓNSSON



Tré ársins er hlynur (*Acer pseudoplatanus* L.) og stendur við húsið Sólheima á Bíldudal í Arnarfirði. Þetta er eins og sjá má íturvaxið tré og hefur að geyma allmerkilega sögu þegar nánar er að gáð. Fyrst og fremst fær hlynurinn

nafngiftina „Tré ársins“ vegna fegurðar, ekki síst þegar haft er í huga hvar á landinu það vex. Í raun er það með ólíkindum hve hlynurinn er orðinn stórvaxinn og á þessu sumri mátti í fyrsta skipti sjá dálítið af fræi á trénu. Í tilefni

þess að hlynurinn á Sólheimum var valinn TRÉ ÁRSINS 2000 var núverandi eigendum afhent viðurkenningarskjal þann 28. október s.l. Við það tækifæri var máli slegið á tréð og mældist hæðin 9,6 m og í eins metra hæð er ummálið



Hlynurinn við Sólheima, TRÉ ÁRSINS 2000, í sumarskrúða.



197 cm. Þar fyrir ofan greinist hlynurinn í meginstofn og stórvaxna hliðargrein. Fræið var skoðað og kom í ljós að töluvert af því var fullþroskað. Fræinu var safnað og var Rakel J. Jónsdóttur, garðyrkju-

manni á Tálknafirði, afhent það í því skyni að koma til nýrri kynslóð. Glögggt er að tréð nýtur skjóls af Sólheimum, fyrir hafáttinni. Svo virðist vera að tréð vaxi hægt upp fyrir þakbrúnina, hvað sem síðar kann að koma í ljós.

Yfirlitsmynd frá Bíldudal árið 1935, fimm árum eftir að hlynurinn var gróðursettur Greina má girðinguna innan við Sólheima.

Þegar Sólheimatréð er skoðað fer ekki hjá því að maður velti fyrir sér ástæðu þess að svo tígulegt tré vaxi hér við ysta sæ.

Vafalaust er Bíldudalur frá náttúrunnar hendi skjólsælli en margur hyggur og þar af leiðandi ágæt skilyrði til ræktunar. Á sumrin gætir lítið hinnar þrálátu „innlagnar“ (sólvarsvinds), sem er vel þekkt fyrirbæri fyrir vestan í sól og bjartviðri. Lega Bíldudalsvogins og dalsins inn af (Seljadals) er þvert á Arnarfjörð og byggðin að mestu í skjóli fyrir hafáttinni. Þannig getur verið logn og „steikjandi hiti“ á Bíldudal, en rétt fyrir utan strekkingsvindur allt að 6 vindstig. Ekki er óalgengt að hiti fari í 20 gráður á Bíldudal eins og gerðist s.l. sumar þegar mældist þar hæsta hitastig á landinu einn daginn eða yfir 21 gráða. Slíkir dagar eru afar mikilvægir fyrir þroska trjáplantna, þar sem gjólan af hafinu er í algleymingi mælist hiti

Jónas Ólafsson, við garðyrkjustörf á Sólheimum árið 1967.



sjaldan yfir 13-15 gráður, vegna kælingar frá hafinu. Þá hefur staðsetning hlýnsins afgerandi áhrif á vöxt og þroska en hann stendur sunnanvert við húsið og nýtur skjóls af norðan- og norð-austanáttinni, sem vafalaust eru erfiðustu vetrar-áttirnar og bera með sér sjávarlöður og salt af Arnarfirðinum í miklum mæli. Sjálfsagt gerðu þeir sem settu tréð niður á sínum tíma sér góða grein fyrir því að velja þyrfti skjól-góðan stað.

Hlyntré eru ekki algeng á Íslandi og fyrst og fremst er þau að finna í elstu hverfum Reykjavíkur, gróðursett á árunum fyrir og eftir 1930. Þessi tré voru flutt inn frá Danmörk, einkum fyrir tilstilli Einars Helgasonar sem rak gróðrarstöð við gamla Kennaraskólann. En eitt merkilegasta og sjálfsagt eitt af elstu trjám landsins, ef ekki það elsta, er hlyntré sem gróðursett er af Þorvaldi Thoroddsen árið 1888 að Laufásvegi 5 í Reykjavík og stendur þar iðilfagurt, komið frá Skotlandi.

Í ljósi langrar ræktunar-sögu hlýnsins er auðsætt að hann spjarar sig ágætlega, sérstaklega hér sunnanlands þar sem reynslan er mest.

Hann fellir iðulega mikið fræ og víða er að finna sjálfsánar plöntur. Vegna hins suðræna uppruna kemur hann seint til á sumrin, vex lengi fram eftir hausti og stendur oftast laufgaður í fyrstu frostum. Þetta háttalag þessa stofns, sem að verulegu leyti er af dönskum uppruna, veldur því að nýsprottar frjosa og þá kelur og takmarkar þetta ef til vill útbreiðslu hlýnsins á Íslandi. Hann

virðist eiga erfitt uppdráttar þegar fjær dregur ströndinni og því norðar á landinu sem farið er, þ.e.a.s þar sem hættara er við frostum og vaxtartíminn er skemmri.



Handhafar viðurkenningar á TRÉ ÁRSINS, hjónin á Sólheimum, Örn og Valgerður, ásamt barnabarni. Afhendingin fór fram 28. okt. síðastliðinn.

Engu að síður virðist vera töluverður erfðafræðilegur breytileiki í trjám sem vaxa í Reykjavík, því að einstaka tré hausta sig mun fyrr, jafnvel í byrjun september. Þessi tré gefa fyrirheit um að hér sé hægt að rækta hlynstofn sem er betur aðlagður íslenski veðráttu. Þrátt fyrir þessar bollaleggingar og vankanta ber hlynurinn af um margt hér á landi sem garðtré og hentar ekki síður vel í almenningssvæði og götutrú sem og krydd í útivistarskóga. Óþrif

eru nánast engin. Á síðari árum hafa margir séð kostina og sem betur fer er töluvert farið að gróðursetja hlyn að nýju en kannski ekki nógu mikið né nægilega víða. Ræktun þessarar

ágætu trjátegundar er engan veginn fullkönnuð. Hlynurinn á Bíldudal er vissulega undantekning, því að hlýns verður ekki vart á mörgum stöðum utan Reykjavíkur og vekur því sannarlega vonir um að hann geti vaxið miklu víðar, í fleiri bæjum og gördum. Vonandi á þessi gleðigjafi og fallega trjátegund erindi við miklu fleiri í framtíðinni.

Ég undirritaður frétti fyrst af tilvist hlýnsins á Bíldudal árið 1984, er ég fór um Vestfirði sem ráðunautur Skógræktarfélags Íslands og hitti Guðrúnu á Sellátrum í Tálknafirði, sem var þjóðsagnapersóna þar vestra í lífanda lífi. Hún sagðist vilja sýna mér að tré gætu líka vaxið á Vestfjörðum. Fórum við í sérstakan leiðangur á Bíldudal þar sem engum blöðum var um það að fletta að þetta var öldungis rétt.

En til að grafast nánar fyrir um sögu bílddælska hlýnsins var fyrst barið að dyrum hjá eigendum á Sólheimum í sumar. Þar var fyrir Örn Gíslason húsráðandi, sem tók vel á móti gestum og sagði að sennilega hefðu þau hjónin Magnús Jónsson járnsmiður og Ingunn Jensdóttir gróðursett tréð. „Ég hef það fyrir satt, alla vega minnst ég þess, að Axel sonur þeirra hafi sagt mér að móðir hans Ingunn hefði staðið fyrir gróðursetningunni“.

Örn Gíslason hefur átt Sólheima allt frá árinu 1966 þegar þau hjón eignuðust húsið. Hlynurinn hefur notið verðskuldaðrar umönnunar og ekki síst, segir Örn, „á tengdafaðir minn, Jónas Ólafsson, stærstan þátt í því en hann fór að gera hlyninum til góða þegar hann fór að heimsækja okkur hingað vestur. Hann gróf smáholur svona hingað og þangað umhverfis hlyninn og hrærði út vatn með sauðataði og hellti þessari ágætu blöndu í götin og sléttaði yfir. Ég hef síðan

tekið upp þessa aðferð tengdafaður míns og geri þetta á 2-3 ára fresti nú-orðið. Svo fer ég eftir mikil saltveður og sprauta vatni á tréð og reyni að skola kleprurnar af eftir því sem hægt er. Annað er svo sem ekki gert, nema einstaka grein er snyrt og tekin. Reyndar er það líka svo að hlynurinn fær alltaf eitt staup af góðu viskíi á hverju gamlárskvöldi. Ég trúi að honum hlýni um hjartaræturnar við það. Svo er tréð nokkurskonar barómet á vindstyrk og veður, því að þegar hann fer að lemja húsið þá er orðið býsna hvasst af suðvestri“.

Áður en kaffið á Sólheimum var teygjað í botn hafði Örn af hjálpsemi grafist fyrir um afkomendur Magnúsar og Ingunnar en þau hjón áttu fimm börn, og eru tvö þeirra enn á lífi, þau Hulda og Gísli sem bæði eru búsett í Reykjavík.

Í samtali við þau systkinin komu fram enn frekari upplýsingar um tilurð hlynsins. Magnús Jónsson, faðir þeirra, f. 2. des 1881, var ættaður úr Árnessýslu og kemur til starfa til Péturs J. Thorsteinssonar og kynnist þar vestra konu sinni, Ingunni Jensdóttur, f. 22. júní 1886 á Auðkúlu í Arnarfirði.

Á þessum tíma þegar Magnús flyst vestur, um og upp úr aldamótunum, er rekin umfangsmikil útgerð á Bíldudal eins og þekkt er. Magnús var sendur á vegum

Ormssyni. Tók Magnús síðan við umsjón rafveitunnar og sá um allar raflagnir og viðhald þar að lútandi á Bíldudal til dánardags. Hann fékk rafiðnaðarréttindi árið 1933.

Þegar fram liðu stundir tók Magnús alfarið við rekstri smiðjunnar og þar unnu synir hans Gísli og Axel (látinn fyrir nokkrum árum) um margra ára skeið og ráku smiðjuna ásamt föður sínum.



Systkinin Hulda og Gísli Magnúsarbörn ásamt Laufeyju Guðjónsdóttur, eiginkonu Gísla, halda á viðurkenningarskjali sem afhent var í tilefni af TRÉ ÁRSINS 2000 þann 31. okt. síðastliðinn.

útgerðar Péturs bæði til Noregs og Danmerkur til að nema niðurstetningu á vélum í báta og skip enda gegndi verkstæðið og smiðjan á Bíldudal lykilhlutverki í útveginum. Í þá daga urðu menn að bjarga sér og kunna til verka, jafnt við smíði vélahluta, lagningu rafmagns eða annarra smærri viðgerða. Magnús vann síðar við uppsetningu Rafveitu Bíldudals á árunum 1915-18 sem vélsmiður, ásamt Halldóri Guðmundssyni raffræðingi og Eiríki

Það mun hafa verið nákvæmlega fyrir 70 árum, eða árið 1930, að hlynurinn var gróðursettur í garðinum á Sólheimum. Nokkrum árum áður hafði garðurinn verið girtur að frumkvæði Ingunnar. Ingunn rak stórt og myndarlegt heimili, annálað fyrir smekklegar hannyrðir og saumaskap.

Ingunn hafði ekki síður mikið yndi af ræktun fjölskrúðugra blóma sem hún skreytti gjarnan heimilið með. Hulda, dóttir

hennar, segir að þetta hafi líklega verið eini blómagarðurinn á Bíldudal á þeim árum.

Ingunn var sögð berdreymin og tók mark á draumum sínum, m.a. vitjaði Auður, kona Gísla Súrssonar, hennar eitt sinn og kvað bónda sinn órólegan vegna þess að enginn héti eftir honum. Tveim mánuðum síðar fæddi Ingunn son og verður við óskinni.

Gísli Súrsson Magnússon er 17 ára þegar plönturnar voru gróðursettar og minnst þess þegar

SKÓGRÆKTARRITÍÐ 2000


Þeir feðgar grófu fyrir trjáplöntum en auk hlýnsins voru samtímis sett niður reynitré og gullregn. Þau tré eru fallin og enn má sjá móta fyrir rótarstúfum í garðinum. Ef að líkum lætur hefur Ingunn átt frumkvæðið að gróðursetningunni og hugsanlega útvegað plönturnar ásamt öðru tilheyrandi blómauppeldinu. Það er því líklegt að húsmóðirin á heimilinu hafi haft allan veg og vanda af ræktuninni. Sjálfsgaetning hefur hún fengið karlmennina í erfiðisvinnuna því að ekki hefur verið þrautalaust að grafa fyrir trjáplöntum í hálfgerðu fjörugrjóti því núverandi uppfylling vegna hafnarinnar var ekki komin, þannig að sjávarkamburinn var nokkrum metrum neðan við húsið og stutt í sjóinn.

Það segir einnig sína sögu um þol hlýnsins gagnvart sjó og seltu.

Ekki er vitað hvaðan plönturnar komu en allar líkur benda til þess að þær hafi komið sjóleiðina frá Reykjavík, enda samgöngur á sjó til Bíldudals mjög góðar á þeim tíma. Ef að líkum lætur hafa þær komið úr gömlu Gróðrarstöðinni í Reykjavík, þaðan sem margur meiðurinn á ættir að rekja. Hvað svo veldur því að plönturnar eru gróðursettar á þessu herrans ári 1930 er ekkert hægt að fullyrða en vel má gæla við þá hugmynd að stofnun Skógræktarfélags Íslands og umræða í Þjóðfélaginu þar að lútandi, sem var töluverð, hafi með öðru átt einhvern hlut að máli.

HEIMILDIR

- Rafvirkjatal. Reykjavík, Þjóðsaga, 1995, s. 641.
- Hákon Bjarnason. Ræktaðu garðinn þinn. Leiðbeiningar um trjárækt. Reykjavík, Iðunn, 1987.
- Hafliði Magnússon. Gamla smiðjan á Bíldudal. Vestri, s. 9, fimmtudaginn 12. mars 1998.
- Munnlegar: Örn Gíslason, Sólheimum. Bíldudal. Gísli Súrsson Magnússon, Granaskjólí 80, Reykjavík. Hulda Magnúsdóttir. Sólheimum 25, Reykjavík.
- Myndir tók höfundur en einnig lánuðu hjónin á Sólheimum mynd nr. 2, ljósm. Jónas Hallgrímsson. og mynd nr. 3.



**Bjarni Guðmundsson kennari,
Haukur Jóhannesson
jarðfræðingur og Valgarður
Egilsson læknir skrifa hver sinn
þáttinn um kjörlendur sínar**

**Árbókin er innifalinn í árgjaldi
félagsmanna Ferðafélagsins**

**Ferðafélag Íslands
Mörkinni 6, 108 Reykjavík
Sími: 568 2533 • www.fi.is
netfang: fi@fi.is**

**Ferðafélag Íslands
árþók 2000**

**Í strandbyggðum
norðan lands
og vestan**

Árbók F.I. 2000 – Í strandbyggðum norðan lands og vestan

